

Sveinungsvík 17.08.2024

Til: Sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Efni: Fjallskil og álagning þeirra á jarðirnar Sveinungsvík I og II og Kollavík.

Ágæta sveitarstjórn.

Með vísan í 5. kafla, 40. grein laga um afréttarmálefni, fjallskil og fleira frá 11. Apríl 1986 með síðari breytingum, óskum við ábúendur og eigendur jarðanna Sveinungsvíkur I og II og Kollavíkur eftir niðurfellingu álagningar fjallskila til Þistilfjarðardeildar.

Í lagagreininni stendur: „Sveitarstjórn eða umboðsmaður hennar (fjallskilastjóri) skipar fyrir um reglulegar afréttargöngur og aðrar leitir samkvæmt fjallskilasamþykkt, sbr 33. og 35. gr. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað, sem gengur í öruggum girðingum eða á eyjum.“

Allt fé frá Sveinungsvík og Kollavík gengur á svæði sem er að stórum hluta aflokað á náttúrulegan hátt af sjó og vatnsmikilli á, Ormarsá, og afgangurinn með girðingum, landamerkjagirðingum á milli Kollavíkur og Borgna og veggirðingu. Innan þessa svæðis eru fjárlausar jarðir, Krossavík I og II og Ormarlón, og sjá ábúendur Sveinungsvíkur og Kollavíkur alfarið um smalamennskur á þessum jörðum sem og sínum eigin. Fénaður frá þessum tveimur bæjum gengur eingöngu á eignarlöndum og enginn kostnaður varðandi smalanir eða umýslu þessa fjárs fellur á aðra fjáreigendur eða sveitarfélagið. Ábúendur þessara tveggja bæja telja með framangreindum rökum og á grundvelli laga um fjallskil það sanngjarnt að vera undanþegin greiðslum í sameiginlega sjóði, sem ljóst er að þau nýta ekki að neinu leyti, og óska því eins og áður segir eftir niðurfellingu álagningar fjallskila.

Virðingarfyllt.

*Jakobína B. Ketilsdóttir*

Jakobína Ketilsdóttir Kollavík

*Árni Gunnarsson*

Árni Gunnarsson Sveinungsvík